

21. september 2015 kl: 19:30



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Lilja Gísladóttir og Ásrún Hersteinsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Staða foreldrafélagsins. Guðbjörg greindi frá stöðu foreldrafélagsins við upphafi skólaárs. Inn á reikningi félagsins eru 132.000 kr. Ekki sóttu allir bekkjarfulltrúar þann pening sem bekkirnir áttu rétt á til að halda bekkjarviðburði undir stjórn bekkjarfulltrúa.
2. Starf foreldrafélagsins skólaárið 2014-2015. Farið lauslega yfir störf stjórnarinnar síðastliðið skólaár. Stjórnarmeðlimir eru ánægðir með hvernig til tókst og fara sáttir inn í skólaárið 2015-2016.
3. Bekkjarfulltrúar. Komnir eru bekkjarfulltrúar í marga bekki en þó vantar enn í einhverja bekki. Ella ætlar að athuga stöðuna á bekkjarfulltrúum og senda upplýsingar á okkur í stjórn foreldrafélagsins. Lilja mun verða tengiliður foreldrafélagsins við bekkjarfulltrúa. Hún mun halda utan um starf þeirra, hvetja þá áfram og fylgja því eftir að eitthvað verði gert með hverjum bekk fyrir sig. Foreldrafélagið mun boða til fundar fyrir bekkjarfulltrúa innan tíðar þar sem þeir fá kynningu á því hvað felst í starfi bekkjarfulltrúa, skipst er á hugmyndum að viðburðum o.s.frv.
4. Hugmyndir. Hugstormun um hvað mögulega væri hægt að gera næsta vetur í þágu nemenda. Reynt verður að fá einhvern góðan fyrirlestur miðaðan að forvarnarfræðslu fyrir mið- og unglíngastig. Fyrirlesarinn þarf að vera góð fyrirmynd sem nemendur líta upp til. Allar ábendingar vel þegnar og berist til stjórnar foreldrafélagsins.
5. Fótboltar. Foreldrafélagið ætlar að fjárfesta í nokkrum fótboldum til afnota fyrir nemendur skólans í frímínútu
6. Gervigrasvöllurinn. Umræður sköpuðust vegna heilsuspillandi efnis í gervigrasvellinum. Foreldrafélagið ályktar sem svo að ástandið á vellinum sé óviðunandi og heilsuspillandi. Ákveðið að leiða þessa umræðu inn í SAMTAKA og kanna hvort áhugi sé fyrir hendi að senda frá sér formlega ályktun fyrir hönd foreldrafélaga grunnskóla Akureyrarbæjar. Elli tekur að sér að hafa samband við SAMTAKA vegna málsins.
7. SAMTAKA. Guðbjörg mun verða fulltrúi stjórnar foreldrafélags Giljaskóla í SAMTAKA. Hún mun sitja fundi félagsins og vera tengiliður okkar þar.

Fundi slitið kl. 20:30.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir